



Reykjavík, 29. nóvember 2022  
Tilvísun: 291122lagabréf

### Efni: Umsögn vegna máls nr. 220/2022 í samráðsgátt stjórnvalda


Fyrr í þessum mánuði kynnti menningar- og viðskiptaráðuneytið til samráðs mál nr. 220/2022 - „Frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími)“.

Safnaráð gerir ekki athugasemdir við breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 og lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 vegna ráðningatíma forstöðumanna höfuðsafna og telur eðlilegt að jafnræði gæti á milli lagasetninga er varðar höfuðsöfnin í þessu tilliti.

Varðandi breytingar á safnalögum nr. 141/2011 þá telur safnaráð að eðlilegt sé að ráðherra hafi samráð við alla hagaðila á sviði safnastarfs reglulega á samráðsfundum og við hæfi að safnaráð boði og skipuleggi slíka fundi. Safnaráð telur þó að í texta laganna ætti að koma fram að samráðsfundur skyldi að minnsta kosti vera haldinn árlega svo bregðast mætti við ef safnaráð eða aðrir hagaðilar telji að einhver mál hafi komið upp sem þarfnað umræðu fyrir utan hinn hefðbundna árlega fund.

Safnaráð vill einnig vekja athygli á því að í upptalningu á mögulegum hagaðilum sem sitja myndu fundinn, þá gleymdist að telja upp hagaðila náttúrufræðisafna, sem dæmi Félag íslenskra náttúrufræðinga.

Virðingarfullst,

  
Þóra Björk Ólafsdóttir,  
Frákvæmdastjóri safnaráðs